27. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 5.3. 2024, kl. 9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnmarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Mættur undir lið 1. Ingvar Rafn Stefánsson verkefnastjóri hjá endurskoðunarfyrirtæki sveitarfélagsins. Mætt undir lið 2. Eva Mjöll Júlíusdóttir framkvæmdastjóri Eyglóar og Guðmundur Helgi Sigfússon ráðgjafi Eyglóar.

Dagskrá:

1. Ársreikningar 2023, fyrri umræða
2. Eygló, nýsköpunarverkefni
3. Skýrsla um gjaldtöku orkumannvirkja
4. Sorpmál
5. Fundargerðir:
   a. Byggingar-og skipulagsnefndar 1.3.2024
   b. Stjórnar SSA 18.12.2023, 25.1.2024, 29.2.2024
   c. Stjórnar Austurbrúar 18.12.2023, 25.1.2024, 29.2.2024
   d. Sambands Íslenskra sveitarfélaga 21.1.2024, 9.2.2024, 23.2.2024
   e. Minjasafns Austurlands 22.2.2024
   f. Skólaskrifstofu Austurlands 20.2.2024
   g. Heilbrigðisnefndar Austurlands 1.2.2024
   h. Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs 6.12.2023, 7.2.2024
   i. Almannavarna 26.2.2024
6. Tilnefning til Landstólpa
7. Endurskoðun stuðningskerfa í skógrækt
8. Skýrsla sveitarstjóra
9. Önnur mál

1. Ársreikningar 2023, fyrri umræða

Ingvar Rafn fór yfir drög að ársreikningi sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningnum til annarrar umræðu. Ingvar Rafn vék af fundi kl: 10:20.

2. Eygló, nýsköpunarverkefni

Eva Mjöll og Guðmundur mættu til fundar kl: 10:40. Starfsemi Eyglóar kynnt og fyrirhuguð vinnustofa í apríl með sveitarstjórn. Gestir fóru kl: 11:50.

3. Skýrsla um gjaldtöku orkumannvirkja

Kynnt.

4. Sorpmál

„Hvað dýraleifar varðar þýðir þetta í stuttu máli að viðkomandi sveitarstjórn á að ákveða hvernig staðið er að söfnun þeirra og þarf að sjá til þess að farvegur sé til staðar fyrir þær, nánar tiltekið að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar þar sem tekið er við dýraleifum. Hins vegar ber sveitarfélögum engin skylda til að annast söfnunina eða taka þátt í rekstri móttöku- og söfnunarstöðva fyrir dýraleifar. Lögin gera heldur enga kröfu um að slíkar stöðvar séu til staðar í hverju sveitarfélagi. Enn fremur er ljóst að sveitarfélögum er beinlínis óheimilt að taka á sig kostnað vegna söfnunar, frágangs, flutnings, vinnslu, förgunar eða annarrar meðhöndlunar dýraleifa. Sveitarfélög geta eftir atvikum verið milliliðir hvað þetta varðar, en ber þá skylda til að koma kostnaðinum sem af því leiðir yfir á úrgangshafana, hvort sem um er að ræða búfjáreigendur, vinnslustöðvar eða aðra.

Álit lögfræðings sveitarfélagsins:

Ráðstöfun dýraleifa Environice Minnisblað mars 2023 33 Það sem hér hefur komið fram felur m.a. í sér að til að fullnægja skyldum sínum á þessu sviði nægir að sveitarfélagið geti bent á kerfi til söfnunar og meðhöndlunar dýraleifa sem handhafar þessa úrgangsflokk í sveitarfélaginu hafa aðgang að. Sveitarfélagið þarf ekki að tryggja að kostnaður við þjónustuna sé í samræmi við væntingar úrgangshafa og er sem fyrr segir óheimilt að stuðla að því með beinni kostnaðarþátttöku. Hins vegar ber stjórnvöldum á landsvísu að „sjá til þess að viðunandi kerfi sé til staðar á yfirráðasvæði þeirra sem tryggir að aukaafurðum úr dýrum sé: a) safnað, þær auðkenndar og fluttar án ótilhlýðilegrar tafar og b) þær meðhöndlaðar, notaðar eða fargað“.

5. Fundargerðir:

a. Byggingar-og skipulagsnefndar 1.3.2024
Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030. Sveitarstjórn samþykkir að setja breytingarnar í tilskilið kynningar og athugasemdarferli.
Deiliskipulag á lóðum á Valþjófsstaðamelum. Samþykkt af sveitarstjórn.
Vegslóði á frístundasvæði Víðivöllum Ytri 1. Sveitarstjórn samþykkir umbeðið framkvæmdarleyfi.

b. Stjórnar SSA 18.12.2023, 25.1.2024, 29.2.2024

Kynnt.

c. **Stjórnar Austurbrúar 18.12.2023, 25.1.2024, 29.2.2024**
   Kynnt.
d. **Sambands Íslenskra sveitarfélaga 21.1.2024, 9.2.2024, 23.2.2024**
   Kynnt.
e. **Minjasafns Austurlands 22.2.2024**
   Kynnt.
f. **Skólaskrifstofu Austurlands 20.2.2024**
   Kynnt.
g. **Heilbrigðisnefndar Austurlands 1.2.2024**
   Kynnt.
h. **Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs 6.12.2023, 7.2.2024**
   Kynnt.
i. **Almannavarna 26.2.2024**
   Kynnt.

6. Tilnefning til Landstólpa

Sveitarstjórn tilnefnir Skúla Björn Gunnarsson til Landsstólpans 2024 sem er samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar.

7. Endurskoðun stuðningskerfa í skógrækt

Kynnt og sveitarstjóra falið að skoða málið.

8. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir helstu mál.

9. Önnur mál

Anna Jóna sagði frá fundi Landbótasjóðs og úthlutun sjóðsins.

Halla kom með lista yfir þær fasteignir og rotþrær hjá sveitarfélaginu sem eru óskráðar.

Fundi slitið kl: 13:45

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

_____	_____
Anna Jóna Árnmarsdóttir	Halla Auðunardóttir
_____	_____
Jóhann F. Þórhallsson	Kjartan Benediktsson
_____	
Lárus Heiðarsson oddviti	